

**Nd.**

## **9. Frumvarp til laga**

[9. mál]

um skylduskil til safna.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

### **I. KAFLI TILGANGUR**

**1. gr.**

Tilgangur þeirrar skilaskyldu, sem á er lögð í lögum þessum, er að tryggja,  
a) að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni, sem skilaskylda nær til;  
b) að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta  
þess;  
c) að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna, opinberrar stjórnsýslu eða  
annarra réttmætra parfa.

### **II. KAFLI SKILASKYLT EFNI**

**2. gr.**

Íslenskar prentsmiðjur, fjölrítunarstofur og aðrir aðilar, sem fjölfalda texta  
eða myndaeftir í viðtækasta skilningi (myndir, teikningar, kort, uppdrætti, nótur  
o. s. frv.), skulu halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, sbr. þó  
ákvæði 3. gr.

Til skylduskila skal jafnframt koma annað efni, sem fylgir útgefnum prentgrip, svo sem ljósmyndir, hljómplötur o. s. frv.

Til skylduskila skulu enn fremur koma jafnmörög eintök hliðstæðs efnis, sem  
unnið er erlendis og íslenskir útgefendur standa að, einir eða í samvinnu við aðra.

Af hljómplötum (öðrum en þeim, er fylgja útgefnum prentgrip), svo og af annars  
konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal afhenda þrjú eintök.

**3. gr.**

Séu afbrigði í texta, myndaeftir, pappír eða öðrum frágangi sama upplags, skulu  
koma til skylduskila þrjú eintök af algengustu gerð, en að auki eitt eintak af hverju  
afbrigði. Tölusetning eintaka er þó skilin undan þessu ákvæði.

**4. gr.**

Til skylduskila skulu koma sérprentanir og nýjar útgáfur, enn fremur endur-  
prentanir, ef minnsta breyting er gerð á texta, myndaeftir eða frágangi, enda þótt  
sama letursteypa eða filmusetning sé notuð og ekki talið um nýja útgáfu að ræða.

Skyldueintök skulu vera hrein og óskert. Bækur og tímarit skal afhenda í  
brotnum örökum.

**5. gr.**

Það efni, sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra  
afnota, getur útgefandi ákveðið, að safn geymi innsiglað tiltekinn tíma, og er safni  
skilt að heita því með skriflegri yfirlýsingu, ef óskað er. Sá tími, sem efni er  
þannig innsiglað að ósk útgefanda, má ekki fara fram úr fyrningartíma höfunda-  
réttar. Útgefandi getur ákveðið, að þann tíma, sem efni er innsiglað, séu öll skyldu-  
eintök varðveitt í Landsbókasafni.

Af efni, sem opinber yfirvöld gera upptækt, skulu löggregluyfirvöld tryggja skil  
eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

Ráðuneyti getur veitt undanþágu frá skylduskilum efnis, sem um er fjallað  
í þessari grein.

#### **6. gr.**

Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki.

Landsbókasafni Íslands er falið að setja reglur um, hvaða tegundir smáprents aðrar skuli vera undanþegnar skylduskilum.

### **III. KAFLI FRAMKVÆMD SKYLDUSKILA**

#### **7. gr.**

Skilaskylda hvílir á prentsmiðju eða fjölfoldunaraðila, að því er tekur til þess efnis, sem talið er í 1. málslíð 2. gr., en á útgefanda, að því er tekur til þess efnis, sem greint er í 2., 3. og 4. málslíð sömu gr.

#### **8. gr.**

Landsbókasafn Íslands veitir skyldueintökum viðtöku og hefur eftirlit með skylduskilum. Skilaskyldir aðilar skulu senda safninu eigi sjaldnar en einu sinni á ári það efni, sem þeim ber að skila, og skal skilum fyrir hvert ár lokið eigi síðar en 1. febrúar á næsta ári. Skilum skal fylgja skrá í tvíriti, þar sem hið afhenta efni er greint lið fyrir lið, en hið smærra efni má þó flokka og greina fjölda eininga í hverjum flokki. Skránni skal fylgja skrifleg yfirlýsing hins skilaskylda aðila um, að honum beri ekki skv. lögum þessum að skila öðru efni en því, sem greint er á skránni. Hafi prentsmiðja eða fjölfoldunarfyrtæki ekki unnið neitt skilaskyld efni á árinu, skal eigi að síður senda Landsbókasafni skriflega yfirlýsingu um það. Landsbókasafn skal gefa út eyðublöð fyrir skilaskrár.

#### **9. gr.**

Verði prentsmiðja eða fjölfoldunarfyrtæki gjaldþrota eða hætti störfum, áður en skylduskil hafa að fullu verið innt af höndum, er þrotabúinu eða kostnaðaraðila hins unna efnis skylt að sjá um, að ákvæðum 2. gr. sé fullnægt.

### **IV. KAFLI VARÐVEISLA OG MEÐFERÐ SKYLDUEINTAKA**

#### **10. gr.**

Landsbókasafni Íslands, Amtsbókasafninu á Akureyri og Háskólabókasafni er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við þann tilgang þessara laga, sem lýst er í 1. gr. Landsbókasafn skal varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafn eitt eintak hvort safn.

Af hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal Landsbókasafn Íslands varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

#### **11. gr.**

Landsbókasafn Íslands og Amtsbókasafnið á Akureyri skulu aðeins lána skyldueintök til afnota á lestrarsal. Háskólabókasafni er heimilt að lána út skyldueintök stofnunum Háskólans, starfsmönnum og stúdentum vegna rannsókna þeirra, ennfremur öðrum söfnum innan lands og utan og stjórnsýslustofnunum.

#### **12. gr.**

Landsbókasafn Íslands skal gefa út skrár um það efni, sem safnið fær skv. lögum þessum, annað en smárent.

## V. KAFLI VIÐURLÖG

Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og verður innheimta vanskilaefnis þá, ef þurfa þykir, falin löggregluyfirvöldum á hverjum stað. Heimilt er löggreglustjóra að beita dagsektum, allt að 2000 krónum á dag.

## VI. KAFLI GILDISTAKA

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög um afhendingu skyldueintaka til bókasafna nr. 11 8. mars 1949, svo og ákvæði annarra laga, er brjóta kunna í bág við lög þessi.

### A thug a sem dir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 94. og 95. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Menntamálaráðuneytið fóli Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði, Ólafi Pálmasyni, deildarstjóra í Landsbókasafni, og Knúti Hallssyni, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu, að semja frumvarp um þetta efni. Fylgdi því svofelld greinargerð:

Í frumvarpi því til laga um skylduskil til safna, sem hér er lagt fram, er þess freistað í upphafi að skýrgreina, hver sé raunverulegur tilgangur slikra laga. En þeir aðilar, sem skilaskyldir hafa verið samkvæmt lögum um afhending skyldueintaka til bókasafna, samþykktum á Alþingi 24. febrúar 1949, hafa oft knúið á um það undanfarin ár, að löginn yrðu endurskoðuð og þá ekki síst að því, er varðaði tilgang þeirra og þar af leiðandi fjölda skyldueintaka.

Í fyrsta kafla laganna er fjallað um tilgang þeirra, en á það hefur í fyrri lagasetningu þótt bresta, að hann væri skýrður svo sem vert væri. Á fundi, sem haldinn var í Reykjavík í október s. l. á vegum Norræna rannsóknarhókavarðasambandsins, var m. a. rætt um þetta atriði, og er kaflinn um tilgang laganna saminn með hliðsjón af niðurstöðum þeirra umræðna.

Þegar í 2. kafla, um skilaskylt efni, segir, að íslenskar prentsmeðjur o. s. frv. skuli halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, felur það í sér, að útgefandinn eða sá, er prenta eða margfaldað lét, ber í raun kostnað af þeim.

Nýmæli er í íslenskum lögum, að afhenda skuli hljómplötur eða annars konar tón- og talupptökur, sem gefnar eru út. En nauðsynlegt er að tryggja, að þessu efni sé haldið örugglega til haga, engu síður en efni því, sem prentað er eða fjölfaldað með öðrum hætti.

Um það efni, sem ætlað er til takmarkaðra nota innan þróngs hóps og jafnvel er merkt sem trúnaðarmál, er vert að taka fram, að því ber að skila engu að síður. Það er Landsbókasafns (en ekki prentsmeðjunnar eða þess, er fjölfaldað hefur umrætt efni með öðrum hætti) að tryggja það síðan, eins og fram kemur í lögunum, að með það verði farið af þeirri leynd, sem útgefandi ætlast til.

Um skil margvislegs smærra efnis er það að segja, að enginn getur sagt fyrir um það með neinni vissu, á hvaða efni eða efnisflokkka kann að reyna. Þótt mönnun virðist t. a. m. ýmiss konar smáprent i svipinn lítils vert eða jafnvel einskis vert, getur það, þegar saman kemur og oft fyrir en varir, reynst ómetanlegar heimildir.

Í 6. grein 2. kafla er nefnt ákveðið efni, er vera skuli undanþegið skylduskilum, en jafnframt um það atriði vísað til reglna, er Landsbókasafni Íslands er ætlað að setja um það, hvaða efni annað skuli vera undanþegið hinum lögþundnu skilum.

Í fjórða kafla er rætt um varðveislu og meðferð skyldueintaka.

Varðveisla alls hins skilaskylda efnis er ekki talin trygg til frambúðar, nema í Landsbókasafni séu tvö eintök af hverju einu og sé annað þeirra varðveitt sem hreint geymslueintak.

Til enn frekara öryggis á viðsjárverðum tínum þykir ennfremur nauðsynlegt, að eitt eintak sé varðveitt í öðrum landshluta, og er þá eðlilegt, að Akureyri verði fyrir valinu sem fjölmennasti bær og mestur framtíðarstaður utan höfuðborgarsvæðisins.

Til þess að varðveisla skyldueintaka verði þar sem tryggust, verður að binda not þeirra við lestrarsal, eins og fram kemur í lögunum.

Með ráðstöfun eins eintaks til Háskólabókasafns er í fyrsta lagi litið á brýna þörf Háskóla Íslands til þess að hafa jafnan sem greiðastan aðgang að hverju einu, stóru og smáu, vegna rannsókna hvers konar. En jafnframt er nauðsynlegt, að eitt safn geti, ef ríka nauðsyn ber til, léð öðrum söfnum og stjórnslustofnunum innan lands íslenskt efn, og loks erlerendum söfnum, er hingað kunna að snúa sér um bókalán. Sílikar heiðnir hafa verið fremur fátiðar sökum þess, að þjóðbókasöfn á Norðurlöndum, t. a. m. þar sem íslensk rit eru að vonum mest notuð utan Íslands, eru mjög birg að þeim og þá ekki síst vegna þess, að þau hafa um langt skeið notið góðs af ákvæðum íslenskra laga um afhending skyldueintaka til bókasafna. Þótt fyrir það taki nú með setningu hinna nýju laga, verður reynt með öðrum hætti að halda uppi bókaskiptum við söfn á Norðurlöndum og viðar.“